

1865.

12. okt.

92. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipti á Víðidalsfjalli og Fremstagili í Engihlíðarhrepp.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 2. þ. m. allramildilegast að leyfa, að Ásgeir Einarsson í Ásbjarnarnesi, sem er eigandi að jörðunni Þingeyrum, sé látinn fá Víðidalsfjall, er svo er nefnt, með sömu mörkum og það var dæmt ríkissjóðnum með hæstarættardómi 18. aprilmán. f. á., í jarðaskiptum fyrir eignarjörð hans Fremstagil í Engihlíðarhrepp í Húnavatnssýslu.

Þetta er yður hérmeð kunngjört, herra amtmáður, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörði ráðstafanir þær, sem þörf er á í þessu efni. Með því að Ásgeir Einarsson hefir með berum orðum áskilið í skjali því um jarðaskipti þessi, er hingað barzt með bræfi yðar 2. maímán. þ. á., að fá fullkomin eignarréttindi yfir fjallendi þessu, þannig að engin önnur jörð geti gjört tilkall til selstöðu, beitarréttis né neins annars ítaks í fjallinu, en aptur er á hinn bóginn sagt í dómi yfirdómsins á Íslandi 11. maímán. 1859, að þessar Þingeyraklausturs jarðir: Sveinstaðir, Hólar, Hólabak, Miðhús, Breiðabólstaður, Hnjúkur og Helgastaðir, eigi sumarselstöðu í fjallinu, eruð þér beðnir um, svo að vissa fáiist fyrir, að ekki komi nein mótmæli af hálfu ábúendanna á jörðum þessum gegn því, að ríkissjóðurinn hefir afsalað sér selstöðunni, að hlutast til um, að þeir lýsi því yfir skriflega, og að sjá um að þegar ábúendaskipti verða á jörðum þessum, þá sé það skýlaust tekið fram í byggingarbræfunum, að þær hafi ekki lengur selstöðu í Víðidalsfjalli.

12. okt.

93. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmanosins yfir Íslandi, um varúðarreglur gegn kóleru.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, hafið sent hingað bréf frá landlækninum á Íslandi, Hjaltalín jústizráði, um að gjöra ráðstafanir gegn því, að kólera flytist til Íslands, hafið